



Skýrsla landsliðsnefndar LH eftir HM í Berlín 2019

Stefnumótun og breyttar áherslur

Að afloknu, vel heppnuðu Norðurlandamóti sumarið 2018 var tekin ákvörðun af landsliðsnefnd og landsliðsþjálfara (sem á þeim tíma bar titilinn liðsstjóri) um að setjast yfir stefnumörkun er varðaði landslið Íslands í hestaíþróttum og afreksstarf LH í heild með það fyrir augum að reyna að bæta árangur og umgjörð liðsins á öllum sviðum.

Var af því tilefni boðað til fundar samráðsfundar með reynsluboltum sem hafa tengst landliðinu í geng um árin, ásamt reyndum landsliðsknöpum í húsakynnum ÍSÍ 25. september kom þar margt áhugavert og spennandi fram þó að enginn landsliðsknapi hafi séð sér fært að mæta, sem er miður.

Um svipað leyti, eða í október 2018 tilkynnti Afrekssjóður ÍSÍ, LH að sambandið hafi verið fært niður um styrkleikaflokk vegna úthlutunar úr sjóðnum fyrir árið 2019. LH var þar með fært úr styrkleikaflokki b í styrkleikaflokk c og þar með fært niður í neðsta flokk, með svokölluðum þróunarsamböndum. Var þetta nokkuð áfall og kallaði landsliðsnefnd þegar í stað eftir fundi með Afrekssjóði og í kjölfarið voru haldnir fleiri fundir m.a. með formanni LH, formanni ÍSÍ og fleiri málsmetandi aðilum. Á þessum fundum var okkur gert ljóst að það afreksstarf og utanumhald landsliðs sem hafði verið í gangi fram að þessu, var langt frá því að samrýmast kröfum Afrekssjóðs og ÍSÍ um afreksstarf stórs sérsambands og að LH ætti enga möguleika á að færa sig upp um styrkleikaflokk nema tekið yrði verulega á þessum málum.



Í framhaldi af fjölmörgum fundum í landsliðsnefnd og framangreindum fundum var tekin ákvörðun um að ráðast í gagnvera heildaruppstokkun á landsliðsstarfinu og afreksstarfinu öllu með það fyrir augum að bæta umgjörð og árangur íslenska landsliðsins og færa starfið í það horf sem sæmir stóru sérsambandi.

Helstu breytingar sem hið nýja fyrirkomulag fól í sér voru þær að skipaðir yrðu landsliðshópar úrvalsknapa sem starfræktir væru allt árið þar sem áhersla væri lögð á knapann sem íþróttamann. Í því augnarmiði var starfstíli liðsstjóra landsliðsins

breytt í landsliðsþjálfara eins og tíðkast í öðrum íþróttagreinum og valdsvið hans aukið sem og stuðningur við hann, m.a. í formi stærra og öflugra fagteymis. Með þessu móti gæfist kostur á að bjóða landsliðsknöpum upp á fræðslu, kennslu, þjálfun og ráðgjöf allt árið.

Þá var ákveðið að hverfa frá fyrirkomulagi um sérstaka úrtöku vegna HM og setja þess í stað val landsliðsins alfarið í hendur landsliðsþjálfara og liðstjorateymis landsliðanna. Skyldu fyrirfram ákveðin WR mót höfð til hliðsjónar við val á liðinu. Með þessu gæfist kostur á að bera þá hesta sem væru í boði saman við aðra hesta og jafnvel geta boðið hestum og knöpum sem ekki stefndu sérstaklega á heimsleika, sæti í liðinu ef þeir sköruðu fram úr. Þá var talið að fyrirfram ákveðnir lykilar myndu binda hendur landsliðsþjálfara að

ópörfu auk þess sem sérstakt úrtökumót myndi auka álag á keppnishrossin sem án efa myndu einnig taka þátt í Reykjavíkurmeistaramóti og Íslandsmóti.

Eftir að landsliðshóparnir voru kynntir í Bláa lóninu 24. febrúar og í Líflandi 28. febrúar hófst þegar í stað reglubundið samráð landsliðþjálfara og liðsmanna um stöðu þjálfunarferlis manna og hesta. Haldnir voru fyrirlestrar m.a. með Guðmundi Guðmundssyni landsliðsþjálfara íslenska handboltalandsliðsins og Margréti Láru og Elísu Viðarsdætrum, sálfræðingi og íþróttatræðingi og fyrirlestur með Simon Curtis einum fremsta járningamanni heims þar sem farið var yfir jafnvægi hestsins út frá járningum og hreyfiferlum. Þá hafa landsliðsknappar verið kallaðir í líkamsmælingar og fengið ráðgjöf um líkamsrækt, aðgang að líkamsræktarstöðinni Hreyfingu og forgang að tímum hjá sjúkrþjálfara landsliðsins svo eitthvað sé nefnt.



Fjáröflun

Fjáröflun landsliðsins hefur gengið mjög vel og er fjárhagur landsliðsins sterkur. Segja má með sannni að breytt fyrirkomulag landsliðsmála hafi aukið samheldni og liðsanda landsliðsins, sem sést best á stórauðnum áhuga landsliðsknappa og bættri þátttöku þeirra í verkefnum og fjáröflun landsliðsins.

Þeir allra sterkustu

Stærsti fjáröflunarviðburður landsliðsins „Þeir allra sterkstu“ var haldinn, venju samkvæmt, laugardaginn fyrir páska en var nú með gjörbreyttu sniði. Tóku nú allir landsliðsknappar, sem staddir voru á landinu, þátt í verkefninu með einum eða öðrum hætti og komu meira að segja einhverjir sérstaklega til landsins vegna þessa. Var eftir því tekið hve mikil vinnusemi og gleði ríkti í hópnum, bæði á meðal landsliðsknappa, fjölskyldna þeirra, landsliðsnefndar, stafsmanna LH og annarra sjálfbóðaliða.



Var viðburðurinn haldinn fyrir troðfullu húsi og stemmingin ógleymanleg og ljóst að fólk var komið til að styðja landsliðið sitt. Samhliða keppninni fór fram stóðhestavelta landsliðsins þar sem stóðhestaeigendur gáfu um 100 topp folatolla sem seldir voru til styrktar landsliðinu. Þá var haldið happdrætti þar sem vinningar voru ekki af verri endanum, m.a. rúm frá Vogue, ferð á HM frá Vita og hnakkur frá Hrímní. Ekki má heldur gleyma veitingasölu sem tókst með eindæmum vel þar sem allt hráefni kom frá styrktaraðilum, SS, Norðlenska, og Kjarnafæði og kokkar gáfu vinnu sína, þeir Þórður Bragason, Jón Guðmundsson og félagar. Þá sýndi Fákur landsliðinu fádæma velvild með því að lána reiðhöllina án endurgjalds. Hraunhamar gaf alla verðlaunagripi, Drífa Dan skreytti húsið af sinni snilld, Karlakór Kjalnesinga söng inn hátíðina og dómarar dæmdu, allt í sjálfbóðavinnu fyrir landsliðið.

Niðurstaðan af þessu skemmtilega kvöldi var hagnaður sem rann óskiptur til landsliðsins upp á 7,3 mkr. sem verður að teljast frábært og setti ný viðmið.

Styrktaraðilar

Ljóst er að ekki verður haldið úti afreksstarfi á hæsta stigi öðruvísi en með stuðningi öflugra styrktaraðila og er landslið Íslands í hestaíþróttum ótrúlega lánsamt að njóta góðvildar frábærra samstarfsaðila og verður þeim seint fullpakkað en styrkir frá stuðningaðilum vegna HM 2019 námu vel á fjórtánu milljón króna.

Stærstu styrktaraðilar landsliðsins eru Icelandair Cargo, Lífland, Bláa lónið, BM Vallá, Ásbjörn Ólafsson, Límtré/Vírnet, Kaupfélag Skagfirðinga, Mjólkursamsalan, Horse Export og Litla-Tunga.

Liðstreyjur

Strax á haustmánuðum var ákveðið að láta hanna flottar stuðningsmannatreyjur og liðstreyjur, ekki ólíkt



því sem önnur landslið gera, í því skyni að auka sýnileika og spenning fyrir HM, auka samheldni liðsins og stuðningsmanna „mála stúkuna bláa“ og einnig í fjáröflunarskyni. Má segja að þetta hafi að mörgu leyti tekist vel, en að sumu leyti ekki eins og að var stefnt. Til dæmis var þetta mun tímafrekara ferli en talið var og misstum við

af allri forsölu í aðdraganda HM og á Allra sterkustu sem var miður. Þá voru stærðir minni en til stóð og seldust stærstu stærðirnar fljótt upp. Eru þetta byrjunarörðugleikar sem fara í reynslubankann og enginn vafi á því að þetta verður gert aftur.

Eftir sem áður þá kom þessi tilraun mjög vel út og ekki vafi á því að þetta jók mjög á liðsheildina hjá liðinu og leit mjög vel út gagnvart öðrum liðum á svæðinu. Stuðningsmenn tóku vel við sér og keyptu nær allar treyjur sem voru í boði og máluðu stúkuna bláa og sköpuðu ólýsanlega stemmingu. Fjárhagslega skiluðu þessar liðstreyjur um 1.8 mkr. í hagnað og rennur það beint til landsliðsins. Ekki ónýtt það.

Afrekssjóður ÍSí

Í kjölfar fundar með Afrekssjóði, sem greint er frá hér að framan og nýju fyrirkomulagi afreksmála LH, féllst sjóðurinn á að rúmlega tvöfalda þá fjárhæð sem áður hafði verið ákvörðuð til LH og verður greiðsla vegna ársins rúmlega 7 mkr. og þar af reiknast 5.750 þúsund vegna landsliðsins og HM, en restin rennur til afreksstarfs LH.

Val landsliða

Val landsliða var eins og áður segir í höndum landsliðspjálfa og liðstjórategymis í samstarfi við landsliðsnefnd. Nánar er farið yfir þetta ferli í skýrslu landsliðspjálfa og verður ekki tíundað hér frekar.

Undirbúningur fyrir HM

Það að fara með stórt landslið, ásamt landsliðsteymi á heimsleika krefst gríðarlegs undirbúnings og skipulags. Til að mynda fundaði landsliðsnefnd formlega 24 sinnum frá því hún var skipuð eftir landsþing LH og fram að HM. Þá eru ótalin gríðarlegur fjöldi símtala, tölvupósta, funda með styrktaraðilum, undirbúningur Allra sterkustu, óformlegir fundir og margt, margt fleira. Formaður landsliðsnefndar fór til Berlínar til að taka út hótél, hesthús og annað.

Ráðinn var sumarstarfsmaður í tímabundið starf á skrifstofu og var stærstur hluti starfa hans við undirbúning HM og ekki veitti af.

Ekki verður farið nánar út í undirbúning landsliðsnefndar hér, enda væri það til að æra óstöðugan, en að nánast öllu leyti má segja að hann hafi gengið vonum framar.

HM

Teymi

Til að halda utan um stóran hóp manna og hesta og passa upp á að allt gangi upp og að öllum líði vel þarf öflugt teymi sérfræðinga á öllum sviðum. Eftirfarandi aðilar skipuðu teymi Íslands á HM:

- Sigurbjörn Bárðarson landsliðþjálfari
- Arnar Bjarki Sigurðarson liðsstjóri og umsjónarmaður U21 landsliðsins
- Anton Páll Níelsson liðsstjóri
- Sigurður V. Matthíasson liðsstjóri og umsjónarmaður kynbótahluta
- Kristinn Skúlason formaður landsliðsnefndar
- Guðni Halldórsson landsliðsnefnd
- Sóley Margeirsdóttir landsliðsnefnd og fulltrúi ungmenna í landsliðinu
- Stefán Logi Haraldsson landsliðsnefnd
- Berglind Karlsdóttir starfsmaður skrifstofu LH
- Hjörný Snorradóttir framkvæmdastjóri LH
- Vilfríður Fannberg Sæþórsdóttir starfsmaður skrifstofu LH
- Halldóra Ingvarsdóttir sjúkraþjálfari
- Helgi Sigurðsson dýralæknir
- Erlendur Árnason járningamaður
- Ingvar Ingvarsson læknir sem var til taks ef á þyrfti að halda



Að auki lögðu fleiri aðilar hönd á plóg s.s. stjórnarmenn LH, aðrir landsliðsnefndarmenn sem voru á svæðinu, makar og foreldrar liðsmanna og landsliðsteymis. Var það ómetanlegt.

Stóðu þessir aðilar sig allir með mikilli þrýði og unnu allir aðrir en þjálfarar og starfsmenn LH sín störf í sjálboðavinnu fyrir landsliðið.

Stemming

Þegar til Berlínar var komið var eftir því tekið og fengum við að heyra það úr mörgum áttum, hvað samheldnin og stemmingin í íslenska hópnum væri góð, og komu meðal annars fulltrúar frá öðru stóru

landsliði að máli við okkur og báðu um að fá að vita hvað við værum að gera sem skapaði þessa frábæru stemmingu.

Á þjóðakvöldi sem haldið var laugardaginn áður en mót hófst bauð landsliðsnefnd upp á sannkallað hlaðborð af íslenskum kræsingum, bæði mat og drykk, sem allt var flutt ferskt frá Íslandi í boði styrktaraðila. Íslenska liðið steig á stökk og söng tvö lög við mikinn fögnuð viðstaddra, allir klæddir íslensku landsliðstreyjunni.



Þá var eitt og annað gert til að halda uppi stemmingu í hópnum. Til að mynda var farið í keilu, út að borða, farið í heimsókn í íslenska sendiráðið, kíkt á Brandenborgarhliðið, spilaður borðtennis þar sem formaður LH þótti skyggja hellst til mikið á landsliðsmennina með meistaratöktum og margt fleira.

Landsliðinu og landsliðsteymi var boðið upp á mötuneyti á staðnum, sem stóðst reyndar ekki væntingar, og einnig var passað vel upp á að í hesthúsi og knapatjaldi væru alltaf fullir ísskápar af ávöxtum, skyri, brauði, vatni, íslenskri síld, laxi, harðfiski, heilsu- og orkudrykkjum og öllu því helsta sem þörf var á til að allir væru saddir og sælir, ásamt kaffi. Þetta jók mjög á ánægju knapa og gerði það að verkum að þeir þurftu aldrei að eyða tíma í að þræða veitinga- eða skyndibitastaði og gátu einbeitt sér að verkefninu.



Umgjörð landsliðsins

Í mörg horn er að líta þegar kemur að utanumhaldi og umgjörð landsliðs á heimsleikum og verður það ekki talið upp hér. Má þó segja að í flestu hafi tekist vel til og hestum og mönnum liðið eins vel og kostur var. Keppendur voru á góðu hóteli með spa og öllu tilheyrandi, með frían aðgang að sjúkrahjálfa. Keppendur fengu allan keppnisfatnað frá Líflandi, fínna föt til að mæta í móttökur, ásamt landsliðstreyjum. Dýralæknir fylgdist náið með heilsu hrossa sem voru í rúmgóðu og vel loftræstu hesthúsi í rólegu umhverfi, þó að vissulega hefðu beitarhólf verið til bóta. Utanumhald þjálfarateymis var gríðar gott og vel skipulagt. Jákvæður og góður agi var á öllum liðsmönnum og þjálfarateymi, algert áfengisbann og gengu allir af metnaði og einbeitingu til sinna verka.

Árangur

Ekki verður farið yfir árangur á keppnisvellinum í þessari skýrslu, en hann var eins og flestir vita frábær, en um hann er fjallað nánar í skýrslu landsliðsþjáfara. Hvort, og þá að hversu miklu leyti, árangur landsliðsins má þakka breyttu fyrirkomulagi landsliðs- og afreksmála, vali landsliðs, starfi þjáfara og landsliðsteymis, undirbúningi, góðri stemmingu eða utanumhaldi landsliðsins skal ósagt látið en vonandi hefur þetta allt hjálpast að og lagt grunninn að þessum magnaða árangri.



Eftir HM

Góður árangur Íslands á HM hefur, að vonum, vakið verðskuldaða athygli og fljótlega eftir heimkomuna bauð Mennta- og menningarmálaráðherra Íslands, landsliðinu til móttöku í Ráðherrabústaðnum við



Tjarnargötu „í tilefni af glæsilegum árangri landsliðs Íslands í hestaíþróttum í Berlín“. Var það skemmtileg og fróðleg heimsókn og greinilegt að árangur sem þessi hjálpar mikið til. Þar gafst einnig gott tækifæri til að koma sjónarmiðum hestamanna á framfæri við ráðherra.

Þá barst landsliðinu einnig heimboð frá forseta Íslands á Bessastaði, og mun sú heimsókn fara fram samhliða uppskeruhátíð hestamanna 2. nóvember. Verður það án efa bæði skemmtilegt og uppbyggjandi.

Í tengslum við heimsókn á Bessastaði og uppskeruhátíð hefur landsliðsnefnd ákveðið að gera sérstakan uppskerudag þar sem góðu árangri verður fagnað. Mun landsliðsnefnd bjóða landsliðinu og landsliðteymi í Bláa Lónið og á uppskeruhátíðina. Verður þetta án efa skemmtilegur dagur og góður endapunktur á frábæru keppnistímabili.

Fjárhagur

Traustur fjárhagur er undirstaða þess að hægt sé að halda úti öflugu afreks- og landsliðsstarfi.

Þrátt fyrir verulega aukningu á umfangi starfsemi landsliðsins hefur kostnaður lítið aukist frá síðasta móti (skv. ársreikningi) en tekjur aukist verulega og stendur rekstur landsliðsins vel undir sér. Nánara uppgjör á rekstri landsliðsins má sjá í ársreikningi LH undir „afreksstarf“.

Fjáröflun landsliðsnefndar hefur gengið vel, eins og að framan greinir og standa fjölmargir aðilar þétt við bakið á landsliðinu og er stuðningur þeirra ómetanlegur. Ljóst er að með góða fjárhagsstöðu gefst tækifæri á að bæta enn frekar í afreksstarfið sem skilar vonandi enn betri árangri til framtíðar.

Framtíðarsýn

Á undanförnum misserum hafa verið stigin stór skref í átt að aukinni fagmennsku í afreksstarfi LH, undir forystu landsliðnefndar og landsliðspjálfa. Mun þessi vinna vonandi skila okkur bætingu á flestum eða öllum stigum afreksstarfsins þannig að íslenska landsliðið festi sig í sessi í fararbroddi reiðmennsku á íslenska hestinum.

Þó má vera ljóst að landsliðsnefnd og landsliðspjálfi líta svo á að einungis sé um að ræða fyrstu skrefin í enn metnaðarfullri áætlun í afreksstarfinu. Sem liður í því mun afreksstarf yngri knapa falla undir afreksstarf landsliðnefndar frá og með haustinu. Í framhaldinu verður haldið áfram á sömu braut og gengið enn lengra í þá átt að auka fagmennsku og metnað í starfi afreksknapa íslenska hestsins.

Reykjavík 11. október 2019

F.h. landsliðsnefndar

Kristinn Skúlason, formaður

Landsliðsnefnd skipa:

Kristinn Skúlason formaður

Guðni Halldórsson

Helgi Jón Harðarson

Sóley Margeirsdóttir

Stefán Logi Haraldsson

Valdimar Grímsson

Vilfríður Fannberg Sæþórsdóttir